



Borgarráð

Víkurvegur – Borgavegur. Hringtorg.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við gerð hringtorgs á gatnamótum Víkurvegur og Borgavegar auk stígagerðar og stækkunar núverandi hringtorgs á Víkurvegi við innkeyrslu á lóð Egilshallar. Framkvæmdin er samstarfsverkefni með Veitum og Mílu.

Kostnaðaráætlun 2 er 240 m.kr. Þar af er hluti Reykjavíkurborgar 215 m.kr.

Áætlaður framkvæmdatími er maí – nóvember 2023.

Verkefnið var kynnt og forhönnun samþykkt í umhverfis- og skipulagsráði 9. mars 2022.

Greinargerð:

Nýtt hringtorg kemur í stað núverandi ljósastýrðra gatnamóta Víkurvegur og Borgavegar. Í framkvæmdinni felst einnig stækkun á núverandi hringtorgi á Víkurvegi við innkeyrslu á lóð Egilshallar, gerð nýrra stíga, strætóbiðstöðva og biðsvæðis fyrir strætisvagna. Framkvæmdirnar munu bæta umferðaröryggi gangandi og akandi vegfarenda.

Framkvæmdirnar mynda stofn til gatnaleigu.

Kostnaðarstaður: 3102

Kostnaðaráætlun 2: 240 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Kynning

<https://reykjavik.is/fundargerdir/skipulags-og-samgongurad-fundur-nr-131>

2023

Víkurvegur – Borgavegur

Hringtorg

UMHVERFIS- OG
SKIPULAGSSVIÐ




- FRAMKVÆMDIN FELUR Í SÉR GERÐ HRINGTORGS Á GATNAMÓTUM VÍKURVEGAR OG BORGAVEGAR Í STAÐ NÚVERANDI LJÓSASTÝRÐRA GATNAMÓTA AUK STÆKKUNAR NÚVERANDI HRINGTORGS Á VÍKURVEGI VIÐ INNKEYRSLU Á LÓÐ EGILSHALLAR.
- ENDURGERÐIN FELST EINNIG Í GERÐ NÝRRA STÍGA, LENGINGU NÚVERANDI STRÆTÓVASA, GERÐ BIÐSTÖÐVAR VIÐ EGILSHÖLL OG BIÐSVÆÐIS FYRIR STRÆTISVAGNA.
- SAMFARA ÞESSUM FRAMKVÆMDUM VERÐUR GENGIÐ FRÁ HEIMÆÐUM Á KÖLDU VATNI, FRÁVEITU OG RAFMAGNI Í AÐSTÖÐU BIÐSTÖÐVAR.

HELSTU VERKÞÆTTIR:

GRÖFTUR OG UPPÚRTEKT	2.000 m ³
FYLLINGAR	1.300 m ³
MALBIKUN	6.100 m ²
FRÁVEITA	100 m
VATNSVEITA	90 m
LJÓSASTAURAR	31 stk.

LÝSING Á FRAMKVÆMD





YFIRLITSMYND

2023

FRAMKVÆMDIN ER SAMSTARFSVERKEFNI MEÐ
VEITUM OG MÍLU.

HEILDARKOSTNAÐUR ER ÁÆTLAÐUR 240 MKR ÞAR
AF ER HLUTUR REYKJAVÍKURBORGAR 215 MKR

GERT ER RÁÐ FYRIR AÐ HÆGT VERÐI AÐ HEFJA
FRAMKVÆMDIR Í MAÍ OG AÐ ÞEIM LJÚKI Í NÓVEMBER
2023.



KOSTNAÐUR OG
VERKTÍMI

2023

MEGIN TILGANGUR FRAMKVÆMDANNA ER BÆTT
UMFERÐARÖRYGGI FYRIR AKANDI OG GANGANDI
VEGFARENDUR.

MARKMIÐ OG STEFNA



TAKK FYRIR